

Alþingi
Erindi nr. P 130/1572
Prestur innflytjenda komudagur 29.3.2004

v/Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 108 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@vortex.is

**Umsögn um frumvarp till laga:
um breytingu á lögum um útlendinga
719. mál lagafrumvarp 130. löggjafarþingi,
og um breytingu á lögum á atvinnuréttindi útlendinga
A720. mál lagafrumvarp 130. löggjafarþingi**

Till Allsherjarnefndar Alþingis;
Félagsmálanefndar Alþingis,

Ég undirritaður vil tjá skoðun mína varðandi frumvörp sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram nýlega á Alþingi. Annað er frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og hitt er um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga. Frumvörpin eru stutt en fela í sér mjög mikilvæg atriði sem bæta réttindi útlendinga á Íslandi og auka jafnframt þjóðfélagslegt réttlæti Íslendinga, og þess vegna fagna ég þeim.

Mig langar til að benda á helstu atriði sem ég tel mikilvægt að styðja í þessum frumvörpum. Ég vil taka fram að ég er ekki félagi í VG og hugsa málið aðeins sem einn maður sem starfar að málefnum útlendinga faglega en óháð flokkspólitik.

Meginatriði frumvarpanna

1. Að tryggja stöðu innflytjendaunglinga undir 18 ára aldri

Innflytjendur sem eru með ríkisborgararétt eða búsetuleyfi geta kallað nánustu aðstandendur, þ.á.m. börn sín sem eru yngri en 18 ára, til landsins og búið saman sem fjölskylda. Gallinn í núverandi lögum er sá að þegar viðkomandi barn verður 18 ára, er það skuldbundið til að sinna framfærslu sinni, sjúkratryggingu og húsnæði sem sjálfstæð manneskju óháð fjölskyldunni. Að sjálfsögðu getur verið að barnið stundi nám eins og flestir íslenskir krakkar og þá er harla erfitt að sjá um framfærslu sína einn og óstuddur. Frumvörpin benda á þennan galla og kveða á um að niðja útlendings sem verður 18 ára hér á landi, verði tryggð dvöl á Íslandi, og um leið tryggðar aðstæður til að halda áfram í námi sínu.

2. Að vernda stöðu innflytjendakvenna

v/Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 108 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@vortex.is

Erlendar konur sem eru giftar (eða í sambúð með) Íslendingum eða mönnum með óbundið dvalarleyfi, lenda í vandræðum ef að skilnaði kemur, hafi þær sjálfar ekki óbundið dvalarleyfi eða hafi verið giftar og dvalið hérlendis lengur en í þrjú ár. Þetta er af því að forsenda dvalar þeirra og aðgengi á vinnumarkað er háð hjónabandi eða sambúð við Íslending. Málið er enn alvarlegara þegar hjónabandinu stafar hætta af ofbeldi íslensks maka. Núverandi lög gefa konunum enga kost aðra en að þola ofbeldið þangað til hún fær óbundið dvalarleyfi eða að slíta hjónaband með þeim afleiðingum að þær þurfi að fara til baka heimalands síns. Auðvitað getum við sett okkur í spor þessara kvenna og séð að hér er um afarkosti að ræða.

Ástæða þess að frumvörpin taka þetta atriði fyrir er sú því miður, að það eru mörg dæmi um slík tilfelli í raun. Samkvæmt upplýsingum hjá Samtökum um kvennaathvarf og Stígamót eru 14 % af konum sem leita til þangað af erlendum uppruna. Um þennan veruleika get ég sjálfur vitnað úr starfi mínu sem innflytjendaprestur Þjóðkirkjunnar.

Einnig kveða frumvörpin á um að gefa útlendingum kost á framhaldisdvöl á Íslandi og þáttatöku í atvinnulífi eftir slit hjónabands eða sambúðar, ef um heimilisofbeldi er að ræða.

Þá kveða frumvörpin á um að það að þiggja fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi komi ekki endilega í veg fyrir endurnýjun dvalarleyfis. Í núverandi lögum er slík fjárhagsaðstoð túlkuð sem vandi í framfærslu. Geta til framfærslu er ein af grunnskilyrðum dvalarleyfis og skortur á henni getur verið bein ástæða þess að dvalarleyfi sé synjað. Nefna má í þessu sambandi að í kjölfar skilnaðar getur konum reynst fjárhagsaðstoð á borð við þessa nauðsynleg, þótt þær geti seinna meir sinnt framfærslu sinni sjálfar.

Lokaorð

Frumvörpin tvö gera einnig tillögu um að veita eigi útlendingi tímabundið atvinnuleyfi, en ekki atvinnurekanda eins og er nú gert. Þetta er atriði sem ég gerði athugasemd til Félagsmálanefndar Alþingis þegar nágildandi lög voru frumvarp í árið 2001. Hún var eins og eftirfarandi:

“Mér synist að allt of mörg vandkvæði tengjst þessu kerfi þar sem atvinnuréttindi tilheyra ekki útlendingum heldur eingöngu vinnuveitendum. Þess vegna er það orðið afar erfitt að skilja fyrir útlendinga sjálfa og jafnvel einning fyrir opinbera hlutaðeigendur hvaða réttindi útlendingar séu með....

v/Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 108 Reykjavík
Sími: 869 6526 Netfang: toshiki@vortex.is

.....Orðskýringar um "tímabundið atvinnuleyfi" eins og frumvarpið segir í 3. gr. veldur misskilningi á slálfu sér. Vikomandi leyfi er í raun ekki aðeins bundið við tímabil heldur frekar bundið við ráðningarsamning, sem sagt tiltekinn vinnuveitanda. Ef samningi er rift, þá missir launþeginn dvalarleyfi. Í slíkum aðstæðum virðist vera rétt að nefna það leyfi sem "ráðningarleyfi til að ráða útlending til starfa sem er ekki með atvinnuleyfi".."

Góðir Alþingismenn, ofangreindar tillögur um breytingar á lögum um útlendinga eru til þess að tryggja réttindi útlendinga og um leið að gefa þeim sama kost til að njóta mannglegra lífskjara og venjulegir Íslendingar gera. Breytingarnar eru alls ekki til að veita útlendingum forréttindi, heldur aðeins til að láta þá sitja við sama borð og Íslendingar. Ég vildi óska að sem flestir veltu fyrir sér að stöðu innflytjendakvenna og -barna sem lagabreytingarnar snerta, sem raddlausra þegna í þjóðfélaginu og styðji frumvörp þessi óháð flokkspólitískum sjónarmiðum svo að þau verði lög í fyrsta tækifærið.

Virðingarfyllst,

Reykjavík, 29. mars 2004

Toshiki Toma, prestur innflytjenda

